



Skipulagsstofnun  
Bt. Einars Jónssonar

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Afrit sent í tölvupósti:  
[landsskipulag@skipulagsstofnun.is](mailto:landsskipulag@skipulagsstofnun.is)  
[einar@skipulagsstofnun.is](mailto:einar@skipulagsstofnun.is)

Reykjavík 13. febrúar 2015

### **Efni: Umsögn um tillögu að landskipulagsstefnu 2015-2026**

Með bréfi sent 19. desember 2014 hefur Ferðamálastofu borist til umsagnar tillögu til kynningar af landsskipulagsstefnu 2015-2026.

#### **Almenn umsögn:**

Ferðamálastofa fagnar þeirri heildarsýn sem birtist í landskipulagsstefnunni og lýsir yfir ánægju með framsetningu hennar. Vinnuhópur sérfræðinga innan Ferðamálastofu skipaður Helenu Karlsdóttur lögfræðingi, Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra og undirrituðum hefur farið yfir stefnuna og er umsögnin niðurstaða þeirrar vinnu.

Ferðamálastofa leggur áherslu á að áður en landsskipulagsstefnan verður samþykkt þurfi að samþætta hana við væntanlega stefnu og framtíðarsýn í ferðaþjónustu en vænta má að fyrstu drög að henni komi út í byrjun apríl 2015. Einnig er þeirri spurningu velt upp hvernig landsskipulagsstefnan fari saman við frumvarp að náttúrupassa og frumvarp til uppbyggingar innviða fyrir ferðamenn til verndunar náttúru og menningarsögulegra minja, sérstaklega hvað varðar ferðamannastaði og uppbyggingu á ferðamannastöðum.

Mikilvægt er einnig, áður en landsskipulagsstefnan er samþykkt, að hún sé samþætt og taki mið af drögum að stefnu um öryggi á ferðamannastöðum sem unnin var af Ferðamálastofu, Landsbjörgu og Umhverfisstofnun. - Öryggi á ferðamannastöðum, Stefna til 2015

Ferðamálastofa leggur áherslu á að stefnumótun í ferðaþjónustu fari fram í skipulagsvinnu sveitarfélaga. Má þar nefna atriði eins og hlutfall húsnæðis undir ferðatengda þjónustu, ferðaleiðir og stefnu tengda menningarminjum og mannvirkjagerð.

Ferðamálastofa hvetur einnig til þess að hafin verði stefnumótandi vinna að samfelldu neti ferðaleiða (göngu- hjóla- og reiðleiða) um hálendið og á milli þéttbýliskjarna.

#### **Skipulag á miðhálandi Íslands**

Ferðamálastofa bendir á að skýra þurfi hvað átt sé við með „hótel“ og „vönduð og viðeigandi þjónusta“ þegar kemur að jaðar- og hálendismiðstöðvum. Í því samhengi er bent á VAKANN sem er gæðakerfi ferðaþjónustunnar.

Ferðamálastofa telur eðlilegt að vísa einnig í lög 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahalda þegar vísað er í reglugerð 585/2007 um sama efni (á við um skýringar bls. 46).



Varðandi orkunýtingu á hálendinu er mikilvægt að hugað sé að áhrifum nýrra mannvirkja á ferðaþjónustu, sérstaklega þegar kemur að auknu aðgengi að áhugaverðum stöðum með bættum samgöngum. Í þessu samhengi þurfa rammaáætlun, landsskipulagsáætlun og stefnumótun og framtíðarsýn í ferðaþjónustu að samrýmast.

### **Skipulag í dreifbýli**

Ferðamálastofa leggur áherslu á að stefnumótun í ferðaþjónustu sé hluti af aðalskipulagi sveitarfélaga. Einnig er ítrekað að sambætta landsskipulagsstefnuna og framtíðarsýn ferðaþjónustunnar áður en landsskipulagsstefnan verður samþykkt. Ferðamálastofa hvetur einnig til þess að við skipulag frístundabyggða sé tekið tillit til þeirrar þróunar að frístundahús séu leigð til ferðamanna og að tækifæri myndist til að skipuleggja tengda þjónustu. Skýra þarf hugtakið „gæði“ þegar kemur að undirstöðu ferðaþjónustunnar og bendir Ferðamálastofa einnig á VAKANN í því samhengi.

### **Búsetumynstur og dreifing byggðar**

Ferðamálastofa bendir á að hér er tækifæri til þess að leiðbeina sveitarfélögum í að skilgreina í aðalskipulagi hlutfall gististaða/veitingastaða í sveitarfélaginu og hvar þeir eigi að vera sbr. aðalskipulag Reykjavíkur. Þetta er mikilvægt þegar kemur að þolmörkum íbúa gagnvart ferðaþjónustu.

### **Skipulag á haf og strandsvæðum**

Ferðamálastofa bendir á mikilvægi ferðaþjónustu á strandsvæðum og að hugað verði að leiðum skemmtiferðaskipa og áhrif þeirra á umhverfi og samfélag.

### **Forsendur umsagnar:**

*Forsendur Ferðamálastofu:* Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðaþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðaþjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika, lítt snortna náttúru landsins og víðernum en skv. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar yfir 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðaþjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Virðingarfyllst,



Björn Jóhannsson